



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 11. desember 2017

VEL2017110026

7.5.0

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
Reykjavík

Tillaga, dags.1. desember 2017, ásamt greinargerð um undirbúning tilraunaverkefnis um leigu íbúða til háskólanema í þjónustukjörnum fyrir aldraða.

Á fundi velferðarráðs þann 7. desember 2017 var lögð fram tillaga, dags.1. desember 2017, ásamt greinargerð um undirbúning tilraunaverkefnis um að bjóða háskólanemum tvær þjónustuíbúðir samkvæmt samþykkt fundar velferðarráðs frá 21. sept. 2017.

Tillagan var samþykkt.

Þetta er hér með sent borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst,


Regina Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík 1. desember 2017
VEL2017110026
321. fundur
RÁ/bm/pge

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. desember 2017

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að farið verði í tilraunaverkefni með að bjóða háskólanemum að leigja tvær þjónustuíbúðir í þjónustukjörnum fyrir aldraða, annars vegar í Lönguhlíð 3 og hins vegar í Norðurbrún 1. Leigan verður án þjónustugjalda og hússjóðs gegn 40 tíma vinnuframlagi á mánuði sem greitt verður fyrir. Miðað er við að tilraunaverkefnið standi yfir frá 1. janúar 2018 til 1. júní 2019 eða í 1 ½ ár og að því loknu verði gerð heildarúttekt á gildi þess. Sjá nánar í meðfylgandi greinargerð.

Heildarkostnaður á 1 ½ ári vegna verkefnisins verður kr. 4.826.786 sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Regína Ásvaldsdóttir
sviðstjóri

Fylgiskjal:
Greinargerð með tillögu



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík 1. desember 2017
VEL2017110026
321. fundur
RÁ/bm/pge

Greinargerð

um tilraunaverkefni þess efnis að háskólanemar leigi tvær íbúðir í þjónustukjörnum fyrir aldraða og starfi jafnframt við umönnun íbúana.

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 21. september 2017 var samþykkt tillaga um að farið yrði í tilraunaverkefni þess efnis að bjóða háskólanemum að leigja tvær þjónustuíbúðir í þjónustukjörnum fyrir aldraða, annars vegar í Lönguhlíð 3 og hins vegar í Norðurbrún 1. Leigan væri án þjónustugjalda og hússjóðs gegn 40 tíma vinnuframlagi á mánuði sem greitt yrði fyrir. Óskað var eftir að velferðarsvið formaði tillögu um hvaða verkefnum háskólanemar gætu sinnt og hvernig forma mætti leigusamning með þessum skilyrðum. Svona fyrirkomulag hefði reynst vel erlendis, skapað vettvang til samskipta kynslóða og auðveldað ráðningar í stuðningsþjónustu við aldraða.

Greinargerð:

Einmannaleiki og félagsleg einangrun geta verið fylgifiskur öldrunar og hafa áhrif á bæði lífsgæði og lífslíkur aldraðra. Eins og reynsla erlendis frá sýnir geta háskólanemar sem búa í sérstökum einingum fyrir aldraða, eins og þjónustuíbúðum velferðarsviðs, dregið úr félagslegri einangrun, gætt staðinn lífi og verið kærkomin tenging íbúa við samfélagið fyrir utan.

Í tilraunaverkefni sem snýst um að leigja háskólastúdentum íbúðir í þjónustuíbúðum í Lönguhlíð 3 og Norðurbrún 1 væru háskólanemarnir hluti af samfélaginu í húsinu og gæti virkni þeirra falið í sér eftirfarandi þætti:

- Í fyrsta lagi væru þeir í samneyti við íbúa á almennum nótum og gætu með umræðu og upplýsingum um hvað þeir eru að taka þátt í, s.s. kennslustundum, tónleikum og öðrum viðburðum, verið tenging við samfélagið og opnað fyrir aðra eða nýja sýn á umheiminn.

- Í öðru lagi myndu þeir bjóða upp á námskeið sem miða að því að örva og efla íbúana í ýmis konar færni á borð við notkun samfélagsmiðla, farsíma, snjallforrita osfrv. Einnig í listum t.d. að teikna, mála, og skrifa eða lesa ljóð. Taka þarf mið af þekkingu, áhugasviði og færni háskólanemanna og nýta þekkingu þeirra t.d. á ýmsum greinum, s.s. , sagnfræði, bókmenntum og síðast en ekki síst á sviði tónlistar.
- Í þriðja lagi geta háskólanemarnir veitt einstaklingsmiðaðan félaglegan stuðning við ákveðna íbúa sem eru sérlega einmanna og einangraðir og sem síst geta tekið þátt í hópstarfi.

Háskólanemarnir væru viðbót við það starfslið sem sinnir umönnun í þjónustuíbúðunum og framlag þeirra væri fyrst og fremst af félagslegum toga. Þeir myndu öðlast innsýn í aðstæður aldraða og fá reynslu af því að starfa á velferðarsviði á sama tíma og þeir myndu leigja húsnæði á svipuðum kjörum og hjá Félagstofun stúdenta. Þar eru í dag um 500 manns á biðlista eftir sambærilegu húsnæði. Að teknu tilliti til húsnæðisbóta væru háskólanemarnir að greiða 48.000 á mánuði í húsaleigu í Lönguhlíð 3 og 42.000 á mánuði í Norðurbrún 3.

Hugmyndin að tilraunaverkefninu var kynnt á fundum með notendaráðum í þjónustuíbúðum í Lönguhlíð 3, þann 14. nóvember og Norðurbrún 1, þann 24. nóvember. Eftir að hafa fengið lýsingu á fyrirkomulaginu og hvernig sambærileg verkefni hafa reynst erlendis voru íbúar jákvæðir. Umræður voru um hvaða hag íbúar og háskólanemar gætu haft af verkefninu og sérstaklega þá auku félagslegu virkni sem háskólanemarnir geta staðið fyrir út frá sínum styrkleikum og áhugasviði. Notendaráð Norðurbrúnar 1 lýsti yfir áhuga á að taka þátt í ráðningarkerfinu og að fá að hafa skoðun á því hvaða háskólanemi yrði valinn til búsetu og starfa.

Á tilraunatímabilinu verður upplýsingum um reynsluna haldið til haga og mun deild gæða og rannsókna vera falið að gera heildarúttekt á gildi þess þegar dregur að lokum þess.

Fjárhagsáætlun:

Háskólaneminn myndi greiða sömu húsaleigu og aðrir íbúar en þyrfti ekki að greiða þjónustugjald og hússjóð. Hins vegar myndi neminn skila og fá greitt fyrir 40 tíma vinnuframlag á mánuði við virkniráðgjöf. Kostnaður Reykjavíkurborgar yrði kr. 3.217.857 á ári og falla þar undir laun nema, hússjóður og töpuð þjónustugjöld. Sundurliðuð skipting gjalda sést í töflu 1. Miðað er við að tilraunaverkefnið muni standa yfir frá 1. janúar 2018 til 1. júní 2019 eða 1 ½ ár. Heildarkostnaður vegna verkefnisins yrði því kr. 4.826.786 sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Tafla 1: Skipting árlegs kostnaðar

Þjónustuíbúð Lönguhlíð	
Hússjóður m/ rafmagni	127.800
Þjónustugjöld	143.880
Laun og launat. gj.	1.363.644
Þjónustuíbúð Norðurbrún	
Hússjóður án rafmagns	75.000
Þjónustugjöld	143.880
Laun og launat. gj.	1.363.644
Kostnaður Reykjavíkurborgar	
Laun	2.190.600
Launatengd gjöld	536.697
Óinnheimt þjónustugjöld	287.760
Hússjóður og rafmagn	202.800
	<u>3.217.857</u>

Gert er ráð fyrir að nemar greiði sömu leigu og aðrir íbúar. Áætlað er að árlegur leigukostnaður verði í mesta lagi kr. 948.000 og að árslaun nemanna verði um kr. 1.095.300. Þetta þýðir að nemarnir munu eiga afgangsráð kr. 147.300 á ársgrundvelli eða kr. 12.275 á mánuði. Við þetta bætist að nemar gætu átt rétt á húsnæðisbótum, allt að kr. 31.000 á mánuði.

Samantekt:

Um er að ræða tilraunaverkefni að erlendri fyrirmynd sem snýst um að leigja háskólastúdentum íbúðir í þjónustuíbúðum í Lönguhlíð 3 og Norðurbrún 1. Með slíku verkefni er verið að skapa vettvang þar sem bæði háskólanemar og íbúar gætu lært hver af öðru og öðlast nýjar upplifanir, reynslu og þekkingu.

Miðað er við að tilraunaverkefnið standi yfir frá 1. janúar 2018 til 1. júní 2019 eða í 1 ½ ár. Að því loknu verði gerð úttekt á gildi þess. Heildarkostnaður vegna verkefnisins er kr. 4.826.786 sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

